

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2011

2011/EES/43/09

frá 20. maí 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/47/ESB frá 5. júlí 2010 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB um tæknilegt eftirlit á vegum með aksturshæfni vöruflutningabifreiða í Bandalaginu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/48/ESB frá 5. júlí 2010 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/378/ESB frá 5. júlí 2010 um mat vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við prófanir á aksturshæfni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB):
„– **32010 L 0047**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/47/ESB frá 5. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 33).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32010 L 0048**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/48/ESB frá 5. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 47).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 36c (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/379/ESB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“:
„36d. **32010 H 0378**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/378/ESB frá 5. júlí 2010 um mat vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við prófanir á aksturshæfni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 74).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2010/47/ESB og 2010/48/ESB og tilmæla 2010/378/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 47.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 74.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.